

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04) Námsáætlun (Haust, 2025)



Kennari	Ásgeir Már Andrésson, Baldvin B Ringsted, Hinrik Þórðarson og Jóhann Kristjánsson	Sk.st.	ÁMA, BAR, HIP og JKR
----------------	--	---------------	-------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo meginefnisþætti. Í fyrri efnisþætti er fjallað um fallmyndun en í þeim seinni um ásmyndun og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi teikniáðferðum, s.s. fríhendisteikningu og fallmyndun
- upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum
- meðferð og notkun teikni- og mæliáhalda
- tvívíðum og þrívíðum vinnuteikningum
- lestri teikninga
- uppsetningu teikninga á vinnublað, áritun og frágangi þeirra

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa hornréttar fallmyndir
- lesa sneiðmyndir af einföldum hlutum
- teikna einfaldar vinnuteikningar með fallmyndun og nota við það viðeigandi teikniáhöld
- lesa og skilja einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og einfaldar þrívíðar teikningar
- teikna ásmyndir af einföldum hlutum
- teikna fríhendis

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja vinnublað, árita og ganga frá einföldum teikningu
- miðla upplýsingum á skilvirkan hátt
- málsetja einfaldar vinnuteikningar eftir viðeigandi reglum, venjum og stöðlum í mismunandi mælikvörðum
- nýta sér teiknikunnáttu í starfi

Námsgögn:

Bækur: **GRUNNTEIKNING I** – Útgefandi: 2008 eða nýrri. IDNÚ

Annað (t.d. ítarefni) **Töflubókin**. Skrift, línur bls. 67-70. Fallmyndir bls. 70 – 75.

Málsetning, teikningagerðir bls. 77 -88. Glærur: uppsetning mynda, teiknireglur, útlit gerð og notkun lína.

Töflubókina er ekki nauðsynlegt að kaupa. Hægt að skoða töflubókina á bókasafni VMA.

Efnisútskýringar í verkefnamöppunni eru nógu góðar.

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04) Námsáætlun (Haust, 2025)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

Tímabil (vikunúmer / lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátta (ST : stöðumat)
Vika 34 / Lota 1	Farið í námsáætlunina og teikniskrift	teikniskrift: 1 , 2 , 3 , 4 og 5	1,39% hver teikning
Vika 35	Fallmyndun I	Fallm. : 1– 2– 3– 5	1,39% hver teikning
Vika 36	Teikniskrift og fallmyndun	Fallm. : 6- 7- 10- 11- 12- 14	1,39% hver teikning
Vika 37	Fallmyndun	Fallm. : 15- 16- 17- 18	1,39% hver teikning – ST -
Vika 38 / Lota 2	Fallmyndun	Fallm. : 20- 21- 22- 23- 24- 25	1,39% hver teikning
Vika 39	Fallmyndun (námsmatsdagur)	Fallm. : 26- 27- 30- 31- 33	1,39% hver teikning
Vika 40	Fallmyndun	Fallm. : 38- 41- 42- 44- 46 - 47	1,39% hver teikning – ST -
Vika 41/ Lota 3	Fallmyndun	Fallm : 48- 49- 50- 51- 52- 53	1,39% hver teikning
Vika 42	Fallmyndun (námsmatsdagur, Bifróst)	Fallm. : 54- 56- 58- 59	1,39% hver teikning – ST -
Vika 43	Fallmyndun (vetrarfrí 20. og 21. okt.)	Fallm. : 60- 61- 63- 64	1,39% hver teikning
Vika 44/ Lota 4	Fallmyndun	Fallm. : 66- 67- 68	1,39% hver teikning
Vika 45	Fallmyndun	Fallm. : 69- 73-76 - 81	1,39% hver teikning – ST -
Vika 46/ Lota 5	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 1- 2- 3- 4- 5- 6	1,39% hver teikning
Vika 47	Ásmyndun og fríhendis(námsmatsdagur)	Ás og fríh. : 8- 9- 10- 12- 13	1,39% hver teikning
Vika 48	Ásmyndun og fríhendis	Ás og fríh. : 14- 15-16-17	1,39% hver teikning
Vika 49	Ásmyndun og fríhendis og uppsóp	Ás og fríh. : 19- 20- 22	1,39% hver teikning – ST -
Vika 50	Uppsóp og frágangur		

Námsmat og vægi námsmatspátta:

Matsform: ☒ Símat ☐ Lokaverkefni		
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspátta	Vægi
Lota 1 Teikniskrift og fallmyndun	5 teikniskriftarblöð og 13 teikningar. Hver teikning gildir 1,39 % (1,389 %) af lokaeinkunn.	25,00 %
Lota 2 Fallmyndun	18 teikningar úr Fallmyndun 1.	25,00 %
Lota 3 Fallmyndun	14 teikningar úr Fallmyndun 1.	19,40 %
Lota 4 Fallmyndun	7 teikningar úr Fallmyndun 1.	9,70 %
Lota 5 Ásmyndun og fríhendisteikning	15 bestu teikningar af 18 teikningum úr Ásmyndun og fríhendisteikningu.	20,90 %
	Samtals:	100%

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04) Námsáætlun (Haust, 2025)



Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám sem þýðir að nemendur hafa möguleika á að fá endurmat fyrir teikningar sem þeir hafa leiðrétt. Námsmat er í höndum kennara áfangans en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA. Námsmatið byggir á teikniverkefnum og kennaramati. **Ekkert próf er í áfanganum. Til að ná áfanganum þurfa nemendur að skila að lágmarki 72 teikningum og fá 5 (4,5) í lokaeinkunn. Verði skilin minni en það, þýðir það hámark 4.0 í lokaeinkun sem er fall.**

Annað:

Allar teikningar skulu unnar í tímum. Ekki er leyft að vinna teikningar heima nema með gefnu leyfi kennara. Í lok hverrar lotu skal nemandi skila öllum þeim teikningum sem vinna átti í viðkomandi lotu inn til stöðumats.

Kennaraleiðbeiningar:

Kennari fer yfir leiðbeiningablöð og leiðbeinir nemendum í tímum um uppsetningu og frágang teikninga.

Vinnuskilda í tímum:

Ætlast er til að nemendur vinni allar teikningar í tímum. Fyrir þá sem einhverra hluta vegna (t.d. vegna veikinda) geta ekki klárað allar teikningar í tímum getur kennari leyft viðkomandi að teikna heima. Í tímum þarf þó að teikna allar ásmýndunar og fríhendisteikningar. Nemendum er skylt að mæta á réttum tíma í hverja kennslustund samkvæmt skóladagatal og hefja strax vinnu við verkefni.

Námsframvinda:

Nemendum er gefin meðaltalseinkunn fyrir teikningarnar í hverri lotu sem birtist inn á Innu en áfanganum er skipt upp í 5 lotur. Allar teikningar hafa jafnt vægi, eða 1,39 %. **Ætlast er til að nemendur skili teikningum til kennara jafnóðum og þær eru kláraðar.** Í lok hverrar lotu skal nemandi skila öllum þeim teikningum sem vinna átti í viðkomandi lotu inn til stöðumats. Áritun kennara á teikningu er staðfesting og forsenda fyrir fullnægjandi skila. Hver teikning er þó að fullu á ábyrgð nemenda. **Teikniverkefnum sem skilað er of seint fá vanskilafrádrátt sem er – 0,5 fyrir hvern umfram dag frá skiladegi.** Verði nemandi uppvís að því að nýta sér vinnu annarra (t.d. með kópingu, eftirritun) verða teikningar ógildar og nemanda hugsanlega vísað úr áfanganum.

Verkfæri:

Verkfærin sem notuð eru í tímunum eru eftirfarandi:

Hringmáti, sporbaugsmáti, sirkill, línuveiðari, gráðubogi, 2 gerðir teiknihorna, (franskar kúrfur og stafahorn ekki nauðsynleg) Auk þessara áhalda þarf einnig: 1) **Teikniborð A3.** 2) **Þrjár stærðir fallblýanta:** A) 0.3 eða 0,35 mm. B) 0,5 mm. C) 0,7 mm. Byrja skal með blý af hörkunni HB. (Kennari velur aðra gerð blýs fyrir hvern einstakan nemenda í samráði við viðkomandi nemanda ef þarf) 3) **Strokleður.** 4) **Pensill,** breidd u.þ.b. 1 cm. 5) **Reglustika bein,** lengd u.þ.b. 25 cm.

Kennarar áskila sér rétt til að gera breytingar á kennsluefni og áætlun ef að stæður gefa tilefni til.

Grunnteikning 1 (GRUN1FF04) Námsáætlun (Haust, 2025)

